

háskóladeildir eða háskóla hafi, að mati lagadeildar, slík tengsl við lögfræði, að eðlilegt þyki að meta það sem hluta af lagánámi. Lagadeild getur ennfremur heimilað að nám og vinna við sérstök lögfræðiverkefni verði metið sem hluti af framhaldsnámi, þó að hámarki 3 einingar alls.

Stúdent skal hafa lokið embættisprófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fjögur ár eru liðin frá innritun hans í framhaldsnám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

5. gr.

6. mgr. ákvæða til bráðabirgða í reglunum breytist og verður svohljóðandi:

Breytt skipan lagánáms skv. XII. kafla reglna þessara tekur gildi við upphaf haustmiss-eris 2002 og verður ákvæðum 91. - 93. gr. beitt um stúdenta sem innrita sig til náms við lagadeild háskólaárið 2002-2003 og síðar. Eldri reglur gilda um stúdenta sem hafa staðist próf í almennri lögfræði vorið 2002 eða fyrr en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en sem nemur reglulegri framvindu náms.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. ágúst 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 192/2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

3. mgr. 1. gr., sbr. auglýsingu nr. 465, 27. júní 2002, orðist svo:

Þrátt fyrir bannið í 1. mgr. er heimilt að flytja inn frá Kína heilan fisk, slægðan og hausaðan og flök af alaskaufsa, þorski, karfa, kolmunna, grálúðu, ýsu, síld, sandkola, lindýrum (*cephalopods*), skarkola og kyrrahafslax, sem veiddir eru í sjó að því tilskildu að 20% hvernar sendingar sé skoðað á landamærastöð og rannsakað með tilliti til efnaleyfa. Þessi skoðunarskylda gildir til 30. september 2002. Þetta á líka við um flök af laxi.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.